Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

## Aðfnr. 1018, örk 29

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Dagskrá
fyrir fund fátækranefndarinnar
25. ágúst 1910

× 1. Þórunn Jónsdóttir biður um styrk
2. Erindi frá sýslum. Norður-Múlasýslu
3. Styrkveiting Magnúsar Stefánssonar, Litla-Seli, 40 kr., sveitlægur í Vestur-Landeyjahreppi
4. Neitun ábyrgð á legukostnaði Páls Hallssonar, Bjarnaborg, sveitl. í Rangárvallahreppi
5. Neitun ábyrgð á legukostnaði barns Sigríðar Erlendsdóttur, Litla-Steins-holti, sveitl. í Biskupstungnahr. Gaulverjabæjarhreppi
× 6. Hansína Ingv. Sigurðsd. komið fyrir, fyrir 80 kr. um árið hjá Ólafi Jónssyni (áður Norðurstíg) nú á Vesturg. 35. —
× 7. Neitun ábyrgð á legukostnaði Guðjóns Eyjólfssonar frá Kálfafellskoti.
× 8. Styrkbeiðni frá Sigr. Hjálmarsdóttur.
× 9. Styrkbeiðni frá Kristófer Magnússyni á Melstað.
× 10. Ráðstöfun á börnum Kristjönu Jóhannesdóttur

Vitto

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 11. Erindi Jóns Einarssonar, Vest-
mannaeyjum. —
X 12. Ábyrgst á leguk. Guðr. Þórönnu Einarsd.
X 13. — " — Elínar Magnúsd. Sigurðssonar
X 14. Brjef frá Frederiksb. Fattigkommission
15. — " — frá Stjórnarráði Íslands um endur-
greiðslu á legukostnaði Maríu Bjarnad. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/6

Vestmanneyjum, 8. ágúst. 1910.

Hjer hafið, velborni herra borgarstjóri, með brjefi yðar til mín, dags. 15. júlí þ. á. farið þess á leit, að eg gefi yður skýrslu um, hvernig reikningsviðskiftum Halldórs R. Sverrisen í Björgvin hjer við Kaupfjelagið "Herjólfur" í Vestmanneyjum sje varið, og hversu mikið hann skuldi því, sem og hvernig sje varið lög-haldsgjörð þeirri, sem gjörð hafi verið hjá honum, og sjerstaklega hvort hann eigi ógreitt hjá fjelaginu formannskaup sitt, eða að því sje haldið inni.

Út af þessari fyrirspurn yðar skal eg leyfa mjer að skýra yður frá, að Halldór þessi rjeðist í byrjun næstliðinnar vetrarvertíðar formaður fyrir vjelarbát, sem eg á í 1 þriðja part, upp á þau kjör, að hann hefði í formannskaup 1/5 af bátspartinum (þ.e. fiskinum), alt svo lengi að hann væri formaður bátsins, gegn því, að hann tæki jafnan part (1/5) í útgerð bátsins; en kaupverð bátsins sjálfs áttum við eigendurnir að sjá um, eða með öðrum orðum átti hann 1/5 af afla bátsins, svo lengi sem hann yrði formaður hans, gegn 1/5 tillagi af útgerðarkostnaði hans. Með þessu móti hefði hann fengið bátspartinn gefins, sem og var meining okkar eigendanna, ef hann hefði orðið formaður

Rek. 20/8 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans áfram.

Um vetrarvertíðarlok hættum við að nota Halldór þennan fyrir formann, sökum þess, að hann gætti ekki skyldu sinnar, sem formanns, í mörgum greinum, þó sjerstaklega í þeirri grein, að hann trassaðist við, að taka svonefnt formanns-próf, sem áskilið er í lögum "bátaábyrgðarfjelags Vestmanneyja" til þess að hægt sje að fá þá tryggða. Eptir margítrekaðar árangurslausar tilraunir við hann með að taka þetta próf, vikum við honum frá bátnum sem formanni og var þar með eignarrjettur Halldórs í þessum 1/5 parti bátsins fallinn burtu.

Síðan gerði eg Halldóri orð, og beiddi hann að tala við mig út af skuld sinni við Kaupfjelagið, bæði út af útgerðarkostnaði bátsins að hans parti, svo og og útaf úttekt hans á ýmsum vörum, sem hann fjekk til að lifa á. En hann skeytti því ekki. Síðan hitti eg hann að máli, en hann kvaðst ekkert eiga vantalað við mig og því síður skulda mikið við fjelagið. Ritaði eg þá sýslumanni mínum nokkrar línur og beiddist eftir löghaldi á eignum Halldórs fyrir skuld hans, og vísaði Halldór þá á fisk, er hann átti. Þegar búið var að taka fiskinn og vigta hann kemur Halldór til mín, og segist vilja hætta við löghaldið, og leggja fiskinn góðmótlega inn í viðskiftareikning sinn við Kaupfjelagið, gegn því, að hann fái tryggingu hjá mjer fyrir því, að hon-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um verði borgað hæsta verð fyrir fiskinn, sem eigi sjer stað hjá á Stöðum í sumar. Þessu lofaði eg honum með því að við skrifuðum báðir undir viðskiptareikning hans, eins og meðfylgjandi útdráttur af reikningi hans ber með sjer; og þar með kyrrsetningin á fiskinum fallin burtu, eftir hans eigin ósk.

Út af þessu framanskrifaða sjáið þjer, herra borgarstjóri, að eg hefi ekki beitt Halldór þenna neinum órjetti. Og undir eins og fiskur hans er þurr, sem nú er í verkun, svara eg honum því út, sem hann kann að eiga til góða, í kaupfjelaginu, að frádregnum verkunarkostnaði.

Virðingarfyllst

[illegible]

Til

Borgarstjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IIb. 2
bls. 79

# Reikningur

til herra *Halldór Sverresen, Björgvin, Vestmanneyjum.*

frá kaupfélaginu „HERJÓLFUR" í Vestmanneyjum.

| 1910 | | | Úttekið: Kr. | a. | Innlagt: Kr. | a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Febr. | 17. | Út: Samkræmt Nótu 3/92. 18. Do 3/92. 17. Do 7/66. 18. Do 1/50. 21. Do 6/50. 21. Do 9/12 | 23 | 62 | | |
| | 19. | " Do 5/88. 31. Do 3/92. 22. Do 3/92. 24. Do 6/10. Do 1/96. 26. Do 3/92. 4/3. Do 3/92. 5/3. Do 1/96 | 31 | 58 | | |
| Mars | 5. | " Do 9/97. Do 2/50. 10. Do 3/92. 12. Do 1/96. 15. Do 1/96. 12. Do 9/98. 15. Do 1/28. 19. Do 2/14 | 15 | 71 | | |
| | 21. | " Do 9/97. 23. Do 9/50. Do 2/29. 26. Do 9/74. Do 9/90. Do 1/03. 28. Do 9/70 | 16 | 13 | | |
| | 17. | " Do 1/75. 23. Do 1/96. 30. Do 9/55. 31. Do 9/76. 20/4. Do 19/12. | 24 | 14 | | |
| Maí | 12. | " Beitukostnaður á vetrarvertíð 30/01 | 30 | 01 | | |
| | " | " 1/5 af skuld m/b. Norröna til 1/5. 250/62 | 250 | 62 | | |
| | | " 6 % vextir af Kr. 1040,00 í 130 daga | 22 | 23 | | |
| Maí | 25 | Innl. 3358 ᵘ þorsk upp úr salti 9/10½ | | | 352 | 59 |
| | | " 942 " löngu upp úr salti 9/8½ | | | 80 | 07 |
| | | Ath. | | | | |
| | | Meðundirritaður kaupfjelagsstjóri Jón Einarsson í Gjábakka lofar hjer með meðundirrituðum Halldóri Runólfssyni, Sverresen, í Björgvin hjer hæsta verði fyrir innl. fisk, eftir því, sem verkaður fiskur verður hjer á staðnum í sumar. | | | | |
| | | 25/5-1910 | | | | |
| | | Jón Einarsson | | | | |
| | | Halldór Sverrisen | | | | |
| Júní | 15. | Út: Samkræmt Nótu 4/96 | 4 | 96 | | |
| | | Mismunur | 13 | 66 | | |
| | | Krónur | 432 | 66 | 432 | 66 |
| | | Skuld | | | 13 | 66 |

Vestmanneyjum,

[signature]

J. Ruh 20/1 1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarf að fá 6 kr. á mánuði.

Jeg undirskrifuð Sigríður Hjálmarsdóttir, sem er 60 ára gömul, og hefi um undanfarin ár fengið mánaðarlega 2kr. húsaleigustyrk af fátækrasjóði, get nú eigi lengur, – bæði vegna þess að heilsufar mitt er enn veikara en það hefir áður verið, og svo vegna þess að jeg framvegis eigi get fengið eins ódýrt húsnæði eins og jeg hingað hefi haft, – komist af eða framdregið líf mitt neyðarlítið framvegis frá þessum tíma, nema því að eins að mjer verði veittur talsvert hærri framfærslustyrkur af fátækrasjóði, og þess vegna leyfi jeg mjer hjer með auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði frá byrjun þessa mánaðar og framvegis 8 króna styrk á mánuði, því með minni hjálp er mjer ómögulegt að geta framdregið líf mitt neyðarlítið, þar sem jeg sjálf ekkert get unnið nema lítilsháttar ullarvinnu, sem lágt er borguð, og get eigi framvegis fengið viðunandi húsnæði fyrir minna en 3kr. 50a. á mánuði.

Spítalastíg 4B í Reykjavík, 10. ágúst 1910.

Auðmjúklegast.

Sigríður Hjálmarsdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

f. Rvk. 6/9 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hækkað um 2 kr.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækrastjórn, Reykjavíkur að hún eptirleiðis bæti við þann fátækrastyrk, sem jeg hefi nú 2 kr. tveimur krónum, á mánuði hverjum, svo það verði samtals 10. kr tíu krónur, sem mjer verði veittar mánaðarlega. Jeg er nú komin yfir sjötugt og farin mjög að veiklast, og á því orðið mjög erfitt með að umvinna mjer neitt. sem nokkuð munar um.

Jeg kvartaði ekki fyr enn þörfin knúði mig til þess, og jeg bið nú um þessa viðbót af því jeg get ekki án hennar verið, og jeg treysti hinni heiðru fátækrastjórn til að verða vel við þessari beiðni minni.

Reykjavík 24 ágúst 1910

Virðingarfyllst

Helga Haldórsdóttir
á Laugaveg № 18 C.

Til
formanns Fátækrastjórnarinnar
í Reykjavík

F. Rvk. 67/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/8

**STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.**

Reykjavík, 11. ágúst 1910.

Hjermeð er yður, herra borgarstjóri, með tilvísun til brjefs yðar, dags. 22. apríl þ. á., sent eptirrit af brjefi stjórnarráðsins til dómsmálaráðherra Dönsku, dags. 19. þ. m., viðvíkjandi ráðstöfun barna Kristjönu Jóhannesdóttur, sem viðurkend er sveitlæg í Reykjavíkur-kaupstað.

F. h. r.

Kl. Jónsson

[signature]

Til
Borgarstjórans í Reykjavík.

J. Rvk. 65/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Justitsministeriet

Brev-№ 11956

Kjøbenhavn, den 19. Juli 1910.

Journ. № L. 1681

Fra Overværgeraadet har Justitsministeriet modtaget Meddelelse om, at samme under 6. d. M. har godkendt, at Mathilde Kristiane Westerberg, født den 21. Februar 1904, og Valdemar Johansen, født den 22. Oktober 1909, endelig fjernes fra Hjemmet og anbringes paa Nakskov Børnehjem, hvor der betales 172 Kr. aarlig for hvert Barn til det fyldte 3. Aar, 160 Kr. aarlig fra det 3. til det 8. Aar og derefter 142 Kr. aarlig, samt at Overværgeraadet har anmodet Værgeraadet om at træffe Beslutning om, at Børnenes Moder vil have at udrede samtlige Udgifter, der maatte blive en Følge af Børnenes Fjernelse fra Hjemmet og Anbringelse udenfor dette.

Hvilket man herved skal meddele Islands Ministerium til behagelig Efterretning under Henvisning til Sammes Skrivelse af 28. April d. A.

P. M. V.

(Sign.) Friis.

(Sign.) Trolle

Fm.

Til Islands Ministerium

Stjórnarráð Íslands II
Dagb. 3 nr. 210.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur